

Erindisbréf vísindanefndar háskólaráðs og fagráða

16. júní 2011

Vísindanefnd er skipuð formönnum vísindanefnda fræðasviða Háskóla Íslands auk formanns án tilnefningar, sem rektor skipar. Ef formaður vísindanefndar fræðasviðs er deildarforseti tekur varaformaður viðkomandi nefndar sæti í vísindanefnd háskólaráðs. [Auk þess er einn fulltrúi stúdenta í nefndinni úr hópi doktorsnema]. Nefndin er skipuð til þriggja ára í senn.

Vísindaefnd háskólaráðs er jafnframt stjórn Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands og annast úthlutun úr sjóðnum á grundvelli tillagna fagráða. Hlutverk vísindanefndar er enn fremur að efla rannsóknastarfsemi við Háskóla Íslands og vera háskólaráði og rektor til ráðuneytis.

Á vegum vísindanefndar starfa sjálfstæð fagrád sem skipuð eru þremur til fimm fulltrúum hvert. Rektor skipar fagraðin og skal a.m.k. einn fulltrúi í hverju fagráði starfa utan Háskóla Íslands. Hlutverk fagráða er að annast faglegt mat og forgangsröðun á umsóknum í Rannsóknasjóð Háskóla Íslands, Doktorssjóð Rannsóknasjóðs og Háskólasjóð Eimskipafélagsins. Formenn fagráða halda reglulega fundi meðan á mati umsókna stendur. Faglegt mat og forgangsröðun fagráða skal byggja á forsendum og viðmiðum sem vísindanefnd háskólaráðs setur.

Verkefni vísindanefndar eru:

1. Að vera rektor, háskólaráði og háskólaþingi til ráðuneytis um hvað eina sem lýtur að rannsóknum og vísindastefnu háskólans;
2. að stýra Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og annast úthlutanir úr honum á grundvelli tillagna fagráða;
3. að stýra Doktorssjóði Rannsóknasjóðs og annast úthlutun úr honum á grundvelli tillagna fagráða;
4. að úthluta ferðastyrkjum fyrir framhaldsnema og mótframlagastyrkjum fyrir nýdoktora (hvoru tveggja úr Rannsóknasjóði);
5. að stuðla að umræðum og málþingum um rannsóknir í samráði við rektor;
6. að vera framkvæmdastjóra og starfsfólki vísindasviðs til ráðuneytis;
7. að sinna öðrum málum sem rektor, háskólaráð eða háskólaþing kunna að fela nefndinni.

Sviðsstjóri vísindasviðs situr fundi vísindanefndar. Verkefnisstjóri á vísindasviði er ritari nefndarinnar og annast dagleg störf á hennar vegum. Verkefnisstjórinn tekur á móti umsóknum í framangreinda sjóði, sér um skráningu þeirra og aðra úrvinnslu í samráði við fagrád og vísindanefnd. Vísindasvið annast almenna skrifstofuþjónustu fyrir vísindanefnd og fagrád.